

AUGLÝSING

um deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í landi Stangar í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. nóvember 2013 deiliskipulag sem tekur til 17 ha svæðis sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu 359-V í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði þrjú 220 m² gistihús með tíu herbergjum í hverju húsi og þar að auki er gert ráð fyrir einum 60-80 m² gistiskála til viðbótar við og í samræmi við þá sem fyrir eru.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 11. mars 2014.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2014